



Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður

Reykjavík 10. nóvember 2021

2110010

0.30

1.

Vísað er til fyrri samskipta í tengslum við kosningakærur umbjóðenda þinna sem dómsmálaráðuneytið sendi Alþingi með vísan til 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Með bréfi þínu frá 8. nóvember 2021 eru athugasemdir gerðar við málsmeðferð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Athugasemdir þínar eru að meginstefnu til tvíþættar og lúta annars vegar að aðgangi að gögnum og hins vegar að aðgangi að málsatvikalýsingu sem unnin hefur verið á grundvelli gagna undirbúningsnefndarinnar.

2.

Hvað varðar beiðni þína um aðgang að gögnum er áréttað það sem fram kemur í svarbréfinu frá 4. nóvember. Fram hefur komið í fyrri samskiptum að undirbúningsnefndin starfar á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Um störf hennar gilda ákvæði þingskapa og starfsreglur fastanefnda Alþingis, eftir því sem við getur átt og lög heimila, sbr. ákvörðun nefndarinnar á 2. fundi hennar frá 6. október, sem og verklagsreglur nefndarinnar sem hún samþykkti á 3. fundi hennar frá 8. október og forseti staðfesti 12. október 2021.


Fundir með gestum nefndarinnar voru lokaðir með hliðsjón af 1. mgr. 19. gr. laga um þingsköp Alþingis. Uppritun þeirra var gerð í þeim tilgangi að þingmenn geti kynnt sér gögn málsins og tekið ákvörðun þegar Alþingi fjallar um gildi kosninganna, sbr. 5. gr. verklagsreglna nefndarinnar. Þá tók Alþingi á móti tilteknum gögnum í trúnaði með vísan til 2. mgr. 51. gr. laga um þingsköp Alþingis. Ljóst er að í ákvæðum laga um þingsköp Alþingis eru skýrar reglur um opna og lokaða fundi, móttöku trúnaðarganga o.fl. og rúmast öll málsmeðferð undirbúningsnefndarinnar innan þeirra reglna.

### 3.

Hvað varðar aðgang að drögum að málsatvikalýsingu sem unnin hefur verið á grundvelli gagna undirbúningsnefndarinnar upplýsist að áður en hún var afhent kærendum, þ.m.t. þér f.h. umbjóðenda þinna, á mánudag var hún send öðrum viðmælendum en kærendum sem komu fyrir nefndina s.s. yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis, starfsfólki hennar o.fl. til skoðunar og þeim veittur frestur til andmæla. Að virtum þeim andmælum var hún síðan send kærendum í sama tilgangi. Framangreind leið var farin til að tryggja að sú málsatvikalýsing sem kærundur fengju til skoðunar og andmæla lýsti atburðum sem best.

Tilgangurinn með því að gefa kærendum kost á að kynna sér lýsingu nefndarinnar á málsatvikum, eins og þau liggja fyrir í fyrirbyggjandi gögnum og hún hyggst byggja mat sitt á við tillögugerð sína, er sá að tryggja að kærundur geti komið að sjónarmiðum sínum og notið andmæla að fullu.

Rétt þykir að áréttu að undirbúningsnefnd nálgast verkefni sitt, þ.m.t. tillögugerð, á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og lögfræðilegs mats, sbr. 1. mgr. 6. gr. verklagsreglna nefndarinnar.



Ragna Árnadóttir

*skrifstofustjóri Alþingis*